BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

Reykjavík 25.11.2014

Hjálögð er tillaga að nýrri samþykkt fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur, sem búið hefur við óbreytta samþykkt frá árinu 2002.
Um áramót sameinast Borgarbókasafn Reykjavíkur og Menningarmiðstöðin Gerðuberg í eina stofnun, samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 8.maí 2014. Í ljósi þess þykir nauðsynlegt að endurskoða núverandi samþykkt fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur til þess að hún endurspegli þær breytingar sem hafa orðið á stjórnsýslu og lögum er varða menningarmál á umliðnum árum, og samruna þessarar tveggja stofnana. Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 24. nóvember s.l. samþykkti ráðið fyrir sitt leyti tillögur að breytingum á samþykkt fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur og er þeim því vísað áfram til forsætisnefndar áður en þær komi til afgreiðslu borgarráðs.
Helstu breytingar felast í orðalagi hvað varðar stjórnsýslu, t.d. heyrir safnið nú undir menningar- og ferðamálasvið og lítur stjórn menningar- og ferðamálaráðs, en heyrði áður undir menningarmálastjóra og menningarmálanefnd.
Einnig er nokkur breyting á helstu verkefnum Borgarbókasafns þar sem hnykkt er enn frekar á hlutverki þess sem menningarmiðstöðvar.

Meðfylgjandi er samþykkt um Menningarmiðstöðina Gerðuberg sem fellur úr gildi um áramót ásamt ný samþykktri stefnu Borgarbókasafns Reykjavíkur.

Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður